



FJÁRFESTINGARBANKI

---

VERÐBRÉFALÝSING  
VEGNA VÍXLAÚTGÁFU  
Apríl 2007





## Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR	3
1.1. Almennt	3
1.2. Endurgreiðsluáhætta	3
1.3. Lagabreytingar	3
1.4. Markaðs- og seljanleikaáhætta	3
2. ÁBYRGIR AÐILAR	4
2.1. Ábyrgðaraðili	4
2.2. Yfirlýsing útgefanda	4
2.3. Yfirlýsing umsjónaraðila	4
3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	4
4. SKJÖL TIL SÝNIS OG VIÐAUKAR	5
5. HAGSMUNIR ÚTGEFANDA	6
6. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN	6
6.1. Heildarfjárhæð	6
6.2. Lýsing á verðbréfunum	6
6.3. Lagalegur grunnur	6
6.4. Tegund verðbréfa	7
6.5. Gjaldmiðill	7
6.6. Forgangsröðun víxlanna	7
6.7. Réttindi tengd víxlunum	7
6.8. Vextir	7
6.9. Gjald dagar og greiðslur	7
6.10. Ávöxtun	8
6.11. Fyrirsvar og skráning	8
6.12. Grundvöllur útgáfu	8
6.13. Útgáfudagur	8
6.14. Takmarkanir á framsali	8
7. ENDANLEGIR SKILMÁLAR (E. FINAL TERMS)	9
A-HLUTI – SAMNINGSSKILMÁLAR	9
B HLUTI – AÐRAR UPPLÝSINGAR	10
8. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	10
9. KOSTNAÐUR VEGNA SKRÁNINGAR	10



## 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

### 1.1. Almennt

MP Fjárfestingarbanki hf. telur að eftirfarandi áhættuþættir geti skipt mestu máli við mat á getu bankans til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart kaupendum víxla sem MP Fjárfestingarbanki gefur út. Eftirfarandi áhættuþættir skipta einnig mestu máli við mat á þeim áhættuþáttum sem geta haft áhrif á markaðsverð víxlanna. Flestir áhættuþáttanna eru háðir óvissu og bankinn getur ekki metið hversu líklegt er að einhverjir þeirra óvissuþátta eigi sér stað.

Útgefandi telur eftirfarandi upptalningu lýsa helstu áhættuþáttum sem felast í fjárfestingu í víxlum bankans, en önnur atvik, atriði eða athafnaleysi, sem eru óháð bankanum og bankinn getur ekki séð fyrir, geta leitt til vanhæfni bankans til að endurgreiða höfuðstól eða til annarra greiðslna í tengslum við útgáfu víxlanna. Auk þess geta önnur atriði sem geta skipt máli haft áhrif á markaðsverð víxlanna og áhættu tengda þeim.

### 1.2. Endurgreiðsluáhætta

MP Fjárfestingarbanki skuldbindur sig til að endurgreiða víxlana á gjalddaga. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari tryggingar. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu víxlanna eru jafnrétttháar. Krafa á hendur bankanum til endurgreiðslu víxlanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur bankanum og er jöfn öllum öðrum ótryggðum kröfum á hendur honum, nema þeim sem njóta lögveðsréttar.

Í tengslum við útgáfu víxlanna hefur bankinn ekki tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir eða getu bankans til frekari lántöku, þ.m.t. til töku lána sem eru jafnréttthá og víxlarnir.

### 1.3. Lagabreytingar

Víxlarnir eru gefnir út samkvæmt íslenskum lögum eins og þau eru á útgáfudegi verðbréfalýsingarinnar. Útgefandi getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda eftir útgáfudag.

### 1.4. Markaðs- og seljanleikaáhætta

Þessir víxlar MP Fjárfestingarbanka hafa ekki áður verið skráðir á skipulegan verðbréfamarkað. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um skráningu víxlanna í Kauphöll Íslands er ekki hægt að ábyggjast skilvirkan markað með víxlanum. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Útgefandi verður ekki með viðskiptavakt á víxlunum. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geta ekki selt víxlana auðveldlega eða á verði sem er sambærilegt við verð annarra fjármálagerna þar sem skilvirkur markaður og seljanleiki er fyrir hendi.

Víxlarnir þurfa ekki að henta öllum fjárfestum.

Sérhverjum fjárfesti ber því að skoða hagkvæmni þess að fjárfesta í víxlunum með hliðsjón af eigin aðstæðum. Þannig ætti hver sá sem fjárfestir í víxlunum:

- Að hafa nægilega faglega þekkingu, fjárhagslegan styrkleika og reynslu til að meta þá áhættuþætti sem geta haft áhrif á endurgreiðslu eða markaðsverð víxlanna.
- Að skilja þá kosti og áhættuþætti sem tengjast fjárfestingu í víxlunum sem og þær upplýsingar sem finna má í útgefanda- og verðbréfalýsingunni auk viðauka og annarra gagna sem fylgja þeim. Væntanlegir fjárfestar skulu kynna sér ítarlega þær upplýsingar sem finna má í útgefanda- og verðbréfalýsingu sem gefin eru út í tengslum við útgáfu víxlanna.



- Að hafa aðgang að og þekkingu á viðeigandi greiningartækjum og –aðferðum til að meta kosti og galla þess að fjárfesta í víxlunum sem og hvaða áhrif fjárfesting á víxlunum hefur á eignasafn fjárfestis.
- Að hafa nægilegan fjárhagslegan styrkleika og laust fé til að ráða við þá áhættu sem felst í fjárfestingu í víxlunum.
- Að skilja algjörlega skilmála víxlanna og hafa kynnt sér þróun og markaðshegðun viðeigandi viðmiða og vísitalna á fjármálamarkaði.
- Að geta metið, annað hvort sjálfur eða með aðstoð ráðgjafa, hvaða áhrif ólíkar breytingar á hagvexti, vöxtum og öðrum atriðum geta haft á fjárfestinguna og þá ávöxtunarkröfu sem fjárfestir gerir til hennar.

## 2. ÁBYRGIR AÐILAR

### 2.1. Ábyrgðaraðili

MP Fjárfestingarbanki hf., kt. 540599-2469, Skipholti 50d, 105 Reykjavík.

### 2.2. Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingar sem þessi verðbréfalýsing hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar er sleppt.

Reykjavík, 20. apríl 2007  
f.h. stjórnar og MP Fjárfestingarbanka hf.  
Skiopholti 50d, 105 Reykjavík

Margeir Pétursson,  
stjórnarformaður

Styrmir Þór Bragason,  
framkvæmdastjóri

### 2.3. Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili verðbréfalýsingar þessarar er MP Fjárfestingarbanki hf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík, Ísland. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd umsjónaraðila, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingar sem þessi verðbréfalýsing hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar er sleppt.

Reykjavík, 20. apríl 2007  
f.h. stjórnar og MP Fjárfestingarbanka hf.  
Skiopholti 50d, 105 Reykjavík

Margeir Pétursson,  
stjórnarformaður

Styrmir Þór Bragason,  
framkvæmdastjóri

## 3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útboð og skráning víxla MP Fjárfestingarbanka hf. fer fram samkvæmt núgildandi íslenskum lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 hefur verið innleidd í íslensk lög. Kauphöll Íslands hf. hefur heimild, samkvæmt samningi við Fjármálaeftirlitið (FME), til að fara yfir og samþykkja lýsingar.



Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt og yfirfarið verðbréfalýsingu þessa. Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu sem samanstendur af tveimur sjálfstæðum skjölum, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu.

Verðbréfalýsing þessi er unnin af MP Fjárfestingarbanka hf.

Í verðbréfalýsingunni vísa „útgefandi“, „bankinn“, „félagið“ eða „MP Fjárfestingarbanki“ til MP Fjárfestingarbanka hf. nema annað megi lesa af orðalagi eða samhengi. Með sama hætti vísar „Kauphöll Íslands“, „Kauphöll Íslands hf.“ og „Kauphöll“ til Kauphallar Íslands hf.

MP Fjárfestingarbanki hefur skráð víxla og skuldabréf í Kauphöll Íslands hf. með auðkennið MPB og ber því skylda til að fylgja þeim reglum Kauphallar sem gilda um útgefendur skuldabréfa og víxla. Fjárfestum er ráðlagt að fylgjast með mikilvægum fréttum og tilkynningum sem kunna að birtast um MP Fjárfestingarbanka í fréttakerfi Kauphallar Íslands, frá og með útgáfudegi verðbréfalýsingarinnar.

Hvorki er heimilt að dreifa verðbréfalýsingunni, né öðrum skjölum sem mynda lýsinguna, með beinum eða óbeinum hætti, þ.m.t. með tölvupósti, faxi, síma eða í gegnum veraldarvefinn til landa þar sem slík dreifing myndi leiða til aukinna krafna um skráningu eða annarra reglna en gilda samkvæmt íslenskum lögum og reglum eða ef slík dreifing brýtur í bága við lög eða reglur.

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu víxlanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. við skráningu víxlanna í Kauphöll.

Kaup á víxlum eru í eðli sínu áhættufjárfesting. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni verðbréfalýsingarinnar af kostgæfni. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með víxla MP Fjárfestingarbanka hf.

Allar upplýsingar sem veittar eru í verðbréfalýsingu þessari eru réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund útgefanda. Leitast hefur verið við að veita eins nákvæmar upplýsingar og kostur er. Miða veittar upplýsingar almennt við stöðu mála við dagsetningu verðbréfalýsingar þessarar, nema annað sé tekið fram eða leiði af samhengi hluta.

Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í víxlum útgefnum af MP Fjárfestingarbanka hf. á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í verðbréfalýsingu þessari. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti MP Fjárfestingarbanka hf. sem er að finna í 1. kafla verðbréfalýsingarinnar.

#### 4. SKJÖL TIL SÝNIS OG VIÐAUKAR

Útgefandi lýsir því hér með yfir að fjárfestar geta skoðað eftirfarandi skjöl eða afrit þeirra á meðan verðbréfalýsing þessi er í gildi:

- Útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu, útgefna í apríl 2007, má finna á heimasíðu MP Fjárfestingarbanka hf., [www.mp.is](http://www.mp.is).
- Ársreikninga MP Fjárfestingarbanka fyrir árin 2005 og 2006 er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda og á heimasíðu bankans, [www.mp.is](http://www.mp.is).
- Stofnsamningur og samþykktir MP Fjárfestingarbanka eru viðaukar við verðbréfalýsingu þessa. Þá er einnig hægt að fá afrit af gögnunum á heimasíðu bankans, [www.mp.is](http://www.mp.is).



## 5. HAGSMUNIR ÚTGEFANDA

MP Fjárfestingarbanki, sem er útgefandi, annast bæði útgáfu og sölu víxlanna. Markmið útgáfunnar er að afla bankanum fjár til útlána og efla áframhaldandi vöxt hans. Þannig hefur bankinn, sem útgefandi og umsjónaraðili, hagsmuni af útgáfu og sölu bréfanna.

## 6. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN

### 6.1. Heildarfjárhæð

Stjórn MP Fjárfestingarbanka hefur samþykkt að gefa út 15 flokka víxla, samtals að fjárhæð allt að 75 milljörðum króna. Hver flokkur sem gefinn verður út er að fjárhæð allt að 5 milljörðum króna. Víxlarnir eru gefnir út í 5.000.000 kr. einingum og eru til allt að sex mánaða. Það ræðst af upphafssölu hvers flokks hvort hann verður opinn eða ekki. Einn flokkur víxla, MPB 07 0416, hefur þegar verið gefinn út við útgáfu grunnlýsingar og greiddur upp á gjalddaga 16.04.2007.

### 6.2. Lýsing á verðbréfunum

Verðbréfin eru víxlar og fer útgáfudagur, gjalddagi og stærð hvers flokks eftir eftirfarandi töflu.

Flokkur	Útgáfudagur	Gjalddagi	Hámarksfjárhæð hvers flokks	Fjöldi eininga	ISIN númer
MPB 07 0416	03.01.2007	16.04.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013910
MPB 07 0516	03.01.2007	16.05.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013928
MPB 07 0618	03.01.2007	18.06.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000014017
MPB 07 0716	03.01.2007	16.07.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000014025
MPB 07 0816	02.02.2007	16.08.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000014033
MPB 07 0917	02.03.2007	17.09.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000014041
MPB 07 1016	02.04.2007	16.10.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000014058
MPB 07 1116	02.05.2007	16.11.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013936
MPB 07 1217	04.06.2007	17.12.2007	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013944
MPB 08 0116	02.07.2007	16.01.2008	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013951
MPB 08 0218	02.08.2007	18.02.2008	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013969
MPB 08 0317	03.09.2007	17.03.2008	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013977
MPB 08 0416	02.10.2007	16.04.2008	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013985
MPB 08 0516	02.11.2007	16.05.2008	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000013993
MPB 08 0616	03.12.2007	16.06.2008	5.000.000.000 kr.	1000	IS0000014009

### 6.3. Lagalegur grunnur

Íslensk lög gilda um útgáfu víxlanna.

Um skattalega meðferð víxlanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, ber bankanum skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi.

Rísi mál út af víxlunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt 1. mgr. 70 gr. laganna fyrnast kröfur skv. víxlunum á hendur samþykkjanda á þremur árum frá gjalddaga.



Um rafræna skráningu víxlanna gilda lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

#### **6.4. Tegund verðbréfa**

Víxlarnir eru gefnir út með rafrænum hætti hjá Verðbréfaskráningu Íslands, Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa og þar auðkenndir með nafni eiganda víxilsins. Víxlarnir eru auðkenndir í kerfum Verðbréfaskráningar og Kauphallar Íslands með auðkenninu MPB.

Allir víxlarnir eru skráðir á nafn og kennitölu eiganda.

Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands um eigendur víxlanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi víxils.

Réttindi að víxlunum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustuaðgerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Engar hömlur eru á framsali víxlanna.

#### **6.5. Gjaldmiðill**

Víxlarnir eru gefnir út í íslenskum krónum.

#### **6.6. Forgangsröðun víxlanna**

Engar hömlur eru á endursölu víxlanna. Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Engin sérstök réttindi, hlunnindi eða forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum MP Fjárfestingarbanka hf.

MP Fjárfestingarbanki hf. ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu víxlanna með tekjum sínum og eignum. Víxlarnir greiðast á eftir kröfum sem tryggðar eru með veði í eignum bankans. Engin víkjandi ákvæði gilda um víxlana.

#### **6.7. Réttindi tengd víxlunum**

Engin sérstök réttindi, hlunnindi eða forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum MP Fjárfestingarbanka hf.

Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi, sbr. 115. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrtæki.

#### **6.8. Vextir**

Víxlarnir eru án vaxta.

#### **6.9. Gjald dagar og greiðslur**

Sérhver víxill er endurgreiddur með einni afborgun á gjalddaga. Gagnvart útgefanda skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands um eigendur víxlanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi víxils. Verðbréfaskráning sendir MP Fjárfestingarbanka upplýsingar um eigendur víxlanna á gjalddaga ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að bankinn geti innt greiðslu sína af hendi.



Greiði útgefandi víxlana ekki á gjalddaga og sé eigandi réttilega skráður eigandi víxlanna hjá Verðbréfaskráningu skal útgefandi greiða dráttarvexti frá framvísunardegi til greiðsludags. Dráttarvextir verða samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.

Verði greiðslu ekki vitjað á réttum tíma mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags.

#### **6.10. Ávöxtun**

Víxlar eru seldir á þeirri ávöxtunarkröfu sem höfð er uppi við útgáfu hvers flokks. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu er hægt að nálgast hjá útgefanda. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu við sölu víxla er að finna í endanlegum skilmálum við útgáfu hvers flokks.

#### **6.11. Fyrirsvar og skráning**

Verðbréfaskráning Íslands heldur utan um skráningu eiganda bréfanna og hvert greiðslur skuli berast. Greiðslur til eigenda víxla munu fara í gegnum Kaupþing Banka hf. sem er viðskiptabanki útgefanda.

#### **6.12. Grundvöllur útgáfu**

Hinn 13. desember 2006 samþykkti stjórn MP Fjárfestingarbanka að gefa út 15 flokka bankavíxla, samtals að fjárhæð allt að 75 milljörðum króna. Hver flokkur er að fjárhæð allt að 5 milljarðar króna. Víxlarnir eru gefnir út í 5.000.000 kr. einingum og eru til allt að sex mánaða. Einn flokkur víxla, MPB 07 0416, hefur þegar verið gefinn út við útgáfu grunnlýsingar og greiddur upp á gjalddaga 16.04.2007.

#### **6.13. Útgáfudagur**

Fyrsti útgáfudagur var 03.01.2007. Þann dag voru gefnir út 4 flokkar víxla. Seinni flokkarnir verða gefnir út samkvæmt útgáfuáætlun, sbr. kafla 6.2.

#### **6.14. Takmarkanir á framsali**

Engar hömlur eru á endursölu víxlanna. Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Engin sérstök réttindi, hlunnindi eða forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum MP Fjárfestingarbanka hf.

Víxlarnir eru nafnbréf. Við eigendaskipti að víxli skal framsal til nýs eiganda skráð. Óheimilt er að framselja víxil á handhafa.





## 7. ENDANLEGIR SKILMÁLAR (E. FINAL TERMS)

### [MP Fjárfestingarbanki hf.]

Útgáfa [Samanlögð nafnverðsupphæð skuldabréfaflokks] [Heiti skuldabréfa]

### **A-HLUTI – SAMNINGSSKILMÁLAR**

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í útgefanda- og verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettum 20. apríl 2007 sem til samans stofna grunnlýsingu að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir víxlana sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur. Útgefanda- og verðbréfalýsingu útgefanda má nálgast í Skipholti 50d, 105 Reykjavík, Íslandi og á heimasíðu útgefanda, [www.mp.is](http://www.mp.is)

- |    |  |                             |
|----|--|-----------------------------|
| 1. | Útgefandi:   | MP Fjárfestingarbanki hf.   |
| 2. | (i) Auðkenni:  | [...]                       |
|    | (ii) ISIN-númer:   | [...]                       |
| 3. | Tilgreind mynt eða myntir:                                     | ISK                         |
| 4. | Samanlagt nafnverð:<br>þegar útgefið:<br>Hámarksfjárhæð flokks | ISK 5.000.000.000.<br>[...] |
| 5. | Ávöxtunarkrafa á söluþegi:                                     | [...]                       |
| 6. | Nafnverðseiningar:   | ISK 5.000.000               |
| 7. | Útgáfudagur:   | [dd.mm.aaaa.]               |
| 8. | Gjalddagi:   | [dd.mm.aaaa.]               |
| 9. | Skráningardagur:   | [dd.mm.aaaa.]               |

### **DREIFING**

- |     |  |  |
|-----|--|--|
| 10. | Ef aðeins einn banki kemur að, tilgreinið nafn og heimilisfang viðeigandi söluaðila: | MP Fjárfestingarbanki hf.<br>105 Reykjavík, Ísland |
|-----|--|--|

### **UMSÓKN UM SKRÁNINGU**



Endanlegir skilmálar þessir fela í sér endanlega skilmála sem krafist er til að skrá víxlaútgáfu þá sem hér er lýst og sem heimilt er að stunda viðskipti með í Kauphöll Íslands hf. samkvæmt áætlunum MP Fjárfestingarbanka hf. um víxlaútgáfu að fjárhæð allt að 75.000.000.000 kr. Einn flokkur víxla, MPB 07 0416, hefur þegar verið gefinn út við útgáfu grunnlýsingar og greiddur upp á gjalddaga 16.04.2007.

## ÁBYRGÐ

Útgefandinn ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda:

Af: .....  
sem til þess hefur fullt umboð

## B HLUTI – AÐRAR UPPLÝSINGAR

### 1. HAGSMUNIR EINTAKLINGA OG LÖGAÐILA SEM KOMA AÐ ÚTGÁFU ÞESSARI

Ef frá er talið það sem rætt er um í útgefanda- og verðbréfalýsingu útgefanda, og að því er útgefandinn best veit, hefur enginn einstaklingur sem kemur að útgáfu víxlanna beina efnislega hagsmuni af útboðinu.

### 2. ÁSTÆÐUR ÚTBOÐSINS, ÁÆTLAÐUR NETTÓ ÁGÓÐI OG HEILDARGJÖLD

(i) Ástæður útboðsins: Almenn fjármögnun

### 3. REKSTRARLEGAR UPPLÝSINGAR

(i) Bréfin eru rafrænt skráð hjá: Verðbréfaskráningu Íslands

## 8. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

Kauphöll Íslands hefur samþykkt að skrá útgefna víxla enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt. Útgáfa einstakra víxilflokka verður tilkynnt Kauphöll Íslands hverju sinni.

MP Fjárfestingarbanki hf. mun með milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands annast greiðslur á gjalddaga.

## 9. KOSTNAÐUR VEGNA SKRÁNINGAR

MP Fjárfestingarbanki annast útboðið. Útlagður kostnaður er fyrst og fremst vegna vinnu við gerð útboðslýsingar, kostnaður við innheimtu og gjöld til opinberra aðila. Áætlaður heildarkostnaður er 5.000.000 kr.